

## ERINDISBRÉF Öldungaráðs Hvalfjarðarsveitar

### 1. gr. **Umboð**

Öldungaráð starfar í umboði sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar og á grundvelli 2. mgr. , 38. gr. laga nr. 40/1991 m.s.br. og 8. gr. laga nr. 125/1999 m.s.br., með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu, samþykkt um stjórn Hvalfjarðarsveitar og eftir því sem lög mæla fyrir um.

Öldungaráð er formlegur samráðsvettvangur er fjallar um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Öldungaráð er fjölskyldu- og fristundanefnd og sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni aldraðra íbúa sveitarfélagsins.

### 2. gr. **Skipan**

Öldungaráð er skipað sjö fulltrúum:

- Þrír fulltrúar og þrír til vara skulu kosnir af sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum.
- Þrír fulltrúar og þrír til vara skulu tilnefndir af félagi eldri borgara. Fulltrúar þurfa ekki að vera félagsbundnir en verða að vera 67 ára og eldri. Á meðan ekki er starfandi félag eldri borgara í sveitarfélaginu þá skal auglýst eftir áhugasömum, 67 ára og eldri til setu í ráðinu, í samstarfi við félagsstarf aldraðra.
- Einn fulltrúi og einn til vara frá heilsugæslunni.

Kjörgengi hafa íbúar með lögheimili í sveitarfélaginu, að undanskildum fulltrúa frá heilsugæslunni.

Sveitarstjórn kýs formann ráðsins en ráðið kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Skipunartími ráðsins fylgir kjörtímabili sveitarstjórnar.

Félagsmálastjóri er starfsmaður öldungaráðs, situr fundi þess og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Öldungaráð hefur ekki stöðu fastanefndar og er því ekki skilgreind sem launuð nefnd.

### **3. gr.** **Hlutverk**

Hlutverk öldungaráðs er að vera formlegur vettvangur samráðs og samstarfs við sveitarstjórn og nefndir Hvalfjarðarsveitar um hagsmuni aldraðra þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða, framkvæmd hennar og þróun öldrunarmála. Ráðið stuðlar þannig að skoðanaskiptum og miðlun upplýsinga milli aldraðra og yfirstjórnar sveitarfélagsins/sveitarstjórnar um stefnu og framkvæmd í málefnum sem varða aldraða.

Markmið með starfi ráðsins er að bæta þjónustu við aldraða í Hvalfjarðarsveit með virkri aðkomu aldraðra að skipulagi og mótun þjónustunnar.

Öldungaráð gerir tillögur til fjölskyldu- og frístundanevndar og sveitarstjórnar og er til ráðgjafar um hvert það mál sem ráðið telur tengjast hagsmunum aldraðra.

Gert er ráð fyrir að fjölskyldu- og frístundanevnd eigi fund með öldungaráði árlega. Þá er þess enn fremur vænst að ráðið leggi fram skýrslu um starfsemi sína og kynni.

Hlutverk öldungaráðs er einkum að:

- Vera ráðgefandi um áætlanagerð í málefnum aldraðra í Hvalfjarðarsveit, sbr. 3. másl. 1. mgr. 8. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991 m.s.br.
- Vera ráðgefandi við gerð reglna um þjónustu við aldraða.
- Fylgjast með framkvæmd og þróun þjónustu við aldraða í Hvalfjarðarsveit í samráði við notendur hennar, sbr. 1. másl. 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Í því felst meðal annars að fjalla um ábendingar og tillögur þeirra sem í hlut eiga.
- Gæta hagsmuna aldraðra íbúa sveitarfélagsins, leitast við að tryggja að aldraðir fái þjónustu sem þeir þarfnast og kynna öldruðum þá kosti sem eru í boði.
- Gera tillögur til fjölskyldu- og frístundanevndar og sveitarstjórnar um öldrunarþjónustu og stefnumörkun í málaflokknum.
- Vera til samráðs um þau mál sem nefndir sveitarfélagsins óska hverju sinni, ásamt því að taka til umfjöllunar að eigin frumkvæði þau mál sem ráðið telur mikilvæg og falla undir hlutverk og markmið ráðsins.

Ráðið fjallar ekki um málefni einstaklinga.

#### **4. gr. Starfshættir**

Öldungaráð skal að jafnaði funda þrisvar á ári, í byrjun árs, að vori og að hausti, auk opins fundar árlega með Félagi eldri borgara. Heimilt er að halda einn aukafund á ári ef þörf er á.

Formaður ráðsins boðar til funda í samráði við félagsmálastjóra. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólahringa fyrirvara og skal dagskrá ásamt fylgigögnum fylgja fundarboði. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Á dagskrá skulu tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að fjallað verði um, enda séu þau á verksviði ráðsins og berist þau til formanns eða starfsmanns ráðsins eigi síðar en þremur sólahringum fyrir fund. Jafnframt skulu tekin á dagskrá mál sem formenn fastanefnda eða oddviti óska eftir að ráðið fjalli um. Aðalmenn boða varamenn sína til fundar ef þeir forfallast og láta formann ráðsins vita um forföll með góðum fyrirvara.

Formaður stýrir fundum í samræmi við ákvæði samþykktar um stjórn Hvalfjarðarsveitar og sveitarstjórnarlög. Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti ráðsins er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslum ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti. Fundur öldungaráðs skal haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

Öldungaráð getur óskað eftir að einstaka starfsmenn Hvalfjarðarsveitar mæti til fundar, sem og aðrir sem ráðið telur þörf á hverju sinni. Jafnframt skal öldungaráð leitast við að verða við beiðnum um fundarsetu annarra starfsmanna sveitarfélagsins vegna umfjöllunar um verkefni er tengjast verksviði þeirra.

Fundargerðir ráðsins skulu skráðar og varðveittar, líkt og aðrar fundargerðir sveitarfélagsins, í rafrænu fundarkerfi sveitarfélagsins. Formaður í samstarfi við starfsmann ráðsins sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og í tölvu og að allar samþykktir séu rétt bókaðar. Starfsmaður ráðsins sér um fundarritun þar sem m.a. skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Skrá skal einstök mál sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginefni og afgreiðslu ráðsins. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana. Um ritun fundargerða skal að öðru leyti farið eftir leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórna nr. 1181/2021.

Fundargerðir öldungaráðs skulu lagðar fram á fundum fjölskyldu- og frístundanefndar og fara svo úr fjölskyldu- og frístundanefnd inn í sveitarstjórn. Fundargerðir skulu birtar á heimasíðu sveitarfélagsins, líkt og aðrar fundargerðir þess.

Fundarsköp fara eftir samþykkt um stjórn Hvalfjarðarsveitar, nr. 692/2022 og breytingu á samþykkt um stjórn Hvalfjarðarsveitar nr. 1623/2022 eftir því sem við á.

### **5. gr.** **Skyldur**

Fulltrúi í öldungaráði skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- og almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að fulltrúi lætur af störfum. Ákvæði þetta gildir einnig um aðra fundarmenn á fundum öldungaráðs. Fulltrúi skal víkja af fundi og kalla til varamann tengist hann einstaklingum eða málum, sem fjallað er um í ráðinu, þannig að spillt geti óhlutdrægni hans og valdið tortryggni.

Formaður öldungaráðs hverju sinni er í forsvari fyrir öldungaráð Hvalfjarðarsveitar um tillögur og áherslur ráðsins eftir því sem við á. Starfsmaður ráðsins ber ábyrgð á rekstri og stjórnarsýslu ráðsins, þ.m.t. fjármálum og skráningu fundargerða innan stjórnarsýslunnar.

### **6. gr.** **Gildistaka**

Erindisbréf þetta er sett með heimild í 2.gr. breytinga á samþykkt um stjórn Hvalfjarðarsveitar nr. 1623/2022 og samþykkt um stjórn Hvalfjarðarsveitar nr. 692/2022.

*Samþykkt á 371. fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar þann 8. mars 2023*